

# Minnisblað

Móttakandi: Stýrihópur sveitarfélaga á Suðurnesjum vegna viðbragðsáætlunargerðar Framkvæmdastjóri Almanna- og borgarinnar Suðurnesja Dags.: 8. nóvember 2019

Sendandi: Herdís Sigurjónsdóttir Málsnr. 19-2222

**Efni:** **Viðbragðsáætlunargerð sveitarfélaga á Suðurnesjum vegna náttúruhamfara og annarra áfalla í samfélaginu**

## 1. STAÐA VERKEFNIS

Á fundi með framkvæmdastjóra og formanni almanna- og borgarinnar Suðurnesja í mars 2019 var rætt að einfalda vinnu sveitarfélaga á Suðurnesjum við gerð viðbragðsáætlana vegna samfélagslegra áfalla. Tekin var ákvörðun um að forvinna samræmt sniðmát á grunni LVN sniðmátsins sem gæti gengið fyrir flestar stofnanir sveitarfélaganna. Var undirritaðri falið vinnsla verkefnisins, með aðstoð valinna aðila hjá Reykjanesbæ. Fyrst var leitað í smiðju Njarðvíkurskóla og loks Leikskólans Gimli í Reykjanesbæ þar sem mikil reynsla og þekking er fyrir hendi. Úrvinnsla á viðbótarefni og ábendingum stendur yfir. Einnig var litið til svipaðra áætlana sveitarfélaga á Suðurlandi frá 2018. Fundað var með formanni og framkvæmdastjóra almanna- og borgarinnar Grindavíkur sem ákváðu að bíða með þátttöku uns sveitarfélagið hefði lokið úttekt á stjórnsýslu sveitarfélagsins.

## 2. VIÐBRAGÐÁÆTLUNARGERÐ OG ÆFINGAR Í SVEITARFÉLÖGUM

Áfram verður unnið með drög að sniðmáti á fundum með stjórnendum hjá Reykjanesbæ 21. nóvember nk.. Úrvinnsla ábendinga mun ljúka í lok nóvember. Lagt er til að drögin verði lögð fyrir stýrihóp verkefnisins til umræðu og samþykktar áður en þau ráðast í mótun eigin áætlana. Líklegt er að búið verði að vinna lokadrög í sveitarfélögunum á tímabilinu mars til maí 2020. Á þeim tímabili er fyrirhugað að æfa viðbrögðin með þátttöku þeirra sem hlutverki hafa að gegna í áætluninni. Jafnframt hefur verið rætt að samhliða væri hægt að virkja þá sem búa og starfa á svæðinu til að skoða hættu í eigin umhverfi, móta viðbrögð og beita mótvægisáðgerðum.

Að æfingu lokinni verða gerðar úrbætur í samræmi við niðurstöður æfingar og áætlun gefin út og kynnt.

## 3. HUGMYND OG ÁHUGI NEMENDA STÓRU-VOGASKÓLA AÐ ÆFINGU Á SUÐURNESJUM

Undirritað fékk fyrirspurn frá Hannesi Birgi Hjálmarssyni kennara í Stóru-Vogaskóla í Vogum 7. nóvember þar sem því var varpað fram hvort hægt væri að aðstoða við æfingu sem áhugi væri á að halda í Stóru-Vogaskóla í tengslum við Evrópuverkefni sem þau taka þátt í. Höfðu þau í hug að í mars á næsta ári þegar þau taka á móti hópi nemenda frá Frakklandi sem einnig eru þátttakendur í umræddu verkefni. Möguleiki væri að nýta þeirra frumkvæði og hugmynd að sviðsmynd til að æfa viðbrögð allra sveitarfélaga á Suðurnesjum í einu. Hægt væri að hafa litla foræfingu í mars, en halda stóra samræmda æfingu í maí. Meðfylgjandi er ppt. kynning á hugmynd nemendanna.

**Viðbragð – Ráðgjöf og greining ehf.**

[vidbragd.com](http://vidbragd.com)

Með bestu kveðju, Herdís

Herdís Sigurjónsdóttir

Viðbragð – Ráðgjöf og greining ehf.

Uhverfis- og auðlindafræði, M.Sc.

Neyðarstjórnun CEM ®

[herdis@vidbragd.com](mailto:herdis@vidbragd.com)

Sími: +354 899 2456

Skype: herdis.sigurjonsdottir

**Viðbragð – Ráðgjöf og greining ehf.**

[vidbragd.com](http://vidbragd.com)